

Pétur Bjarnason

# Happdrætti SÍBS í sextíu ár




Nú í október eru liðin sextíu ár síðan Happdrætti SÍBS hóf starfsemi sína, upphaflega undir nafninu Vöruhappdrætti SÍBS.

Árið 1949 var Vöruhappdrætti SÍBS stofnað en þá hafði undirbúningur staðið í tæp tvö ár. Áður höfðu verið rekin happdrætti samkvæmt sérstökum leyfum í hvert sinn en þessi nýju lög kváðu á um einkaleyfi til reksturs vöruhappdrættis í 10 ár. Með því komst á reglubundinn happdrættisrekstur hjá SÍBS sem staðið hefur óslitið síðan. Í upphafi var miðað við að söluverð hvers miða væri um það bil tímakaup Dagbrúnarverkamanns, en það viðmið lækkaði síðan og stenst ekki lengur.

Byggt var upp þétt net umboðsmanna um allt land og þátttaka almennings var mjög mikil. Árið 1982 voru seldir miðar tæplega 66.000 en fljótlega upp úr því komu fram á sjónarsviðið ýmsir aðrir happdrættismöguleikar sem drógu úr miðasölu, svo sem Lottóið og síðan spilakassar sem drógu til sín viðskipti. Sala happdrættismiða dróst jafnt og þétt saman næstu tvo áratugi, en síðustu ár hefur náðst að halda í horfinu eða því sem næst. Happdrættið heitir nú Happdrætti SÍBS og er leyfilegt að greiða út vinninga í peningum, auk þess sem hægt er að kaupa nýja miða hvenær sem er ársins, en áður var nær eingöngu selt í janúar

Á þessum 60 árum hafa margir öðlast nýja tilveru vegna vinninga í Happdrætti SÍBS og eru margar sögur af slíkum vinningum, sem m.a. hafa verið raktar í SÍBS blaðinu, sem kemur út þrisvar á ári. Auk mjög veglegra peningavinninga hafa bílar oft verið í vinninga, bæði stórir og smáir, sumarhús, hjólhýsi og fjöldamargt annað

Allur hagnaður af rekstri Happdrættis SÍBS fer til framkvæmda á Reykjalundi endurhæfingarstöð SÍBS eða til stuðnings því starfi sem unnið á á Múlalundi, vinnustofu SÍBS þar sem öryrkjar hafa átt starfsvettvang í hálfu öld. Starfsemin á þessum stöðum hefur borið hróður SÍBS og happdrættisins um landið og mjög



Í tæp 30 ár voru þessi hjól notuð við útdrátt vinninga, en nú er tölvutæknin tekið við.



Tölvan fær 48 stafa tölu úr þessum stokk sem er snúid á höndum

margir viðskiptavinir okkar eru með miðakaupum sínum að þakka fyrir þjónustu sem þeir eða fjölskyldur

drættisins er að koma út, framleiddir hafa verið bolir með merki happdrættisins, öllum jafnöldrum þess á



Þetta sumarhús á eignarlóð var í vinning árið 2004.

þeirra hafa notið af hálfu SÍBS.

Um þessar mundir er ýmislegt gert til að minnst þessara tímamóta. Mynd um sögu og starfsemi happ-

landinu hafa verið gefnir happdrættismiðar og fjölmargt annað verður gert fram til áramóta.